

Sp.

207. Nefndarálit

[117. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Frá 1. minni hl. utanríkismálanefndar.

Ég er andvígur tillögunni um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu af ástæðum þeim, sem nú skal greina:

1. Ákvörðun um aðild Íslands að EFTA hefur þegar í upphafi næsta árs viðtæk áhrif á allt verðlag í landinu. Samkvæmt fjárlögum ársins 1970 eiga tolltekjur á næsta ári að lækka um 430 milljónir króna. Söluskattur á hins vegar að hækka um 760 milljónir króna. Skattaálögur aukast þannig um a. m. k. 330 milljónir króna, en trúlega verða byrðarnar mun meiri, því að engin trygging er fyrir því, að tollalækkunin skili sér að fullu í lækkuðu vöruverði. Þessi breyting hefur ekki aðeins í för með sér stóruáuknar skattabyrðar, heldur og ranglátari skattheimtu, því að sölu-skattshækkun bitnar af mestum þunga á barnafjölskyldum og láglaunafólki. Eins og lífskjör launafólks eru nú hér á landi, tel ég slíka tekjuskurðingu óréttlætianlega með öllu.

2. Sú staðreynd er viðurkennd af öllum, að aðild að EFTA muni leiða hættur yfir verndaðar iðngreinar, sem hafa um 4000 manns í þjónustu sinni. Þótt sagt sé, að slík fyrirtæki eigi enn að njóta óbreyttrar verndar um fjögurra ára skeið, er veruleg hætt á því, að sum þeirra dragi saman seglin eða gefist upp þegar á næstu mánuðum. Atvinnuleysi hefur verið samfellt á Íslandi í meira en ár og er nú viðtækara en nokkru sinni fyrr um þetta leyti árs, enda þótt um 1000 Íslendingar hafi flutzt búferlum til annarra landa á þessu ári og um 500 stundi tímabundna atvinnu erlendis. Slíkt ástand er í senn óviðunandi félagslegt ranglæti og fráleit sóun, og ég tel það algert ábyrgðarleysi að gera ráðstafanir, sem veikja atvinnukerfi þjóðarinnar, meðan svo er ástatt.

3. Þingsályktunartillagan er rökstudd með því, að aðild að EFTA muni tryggja það, að síðar meir risi upp hérlendis nýjar útflutningsgreinar. Hér er þó einvörðungu um að ræða almennar og örökstuddar bollaleggingar; engin iðnþróunaráætlun hefur verið gerð, engar skipulagslegar og efnahagslegar ráðstafanir til þess að hefja nýja útflutningsframleiðslu. Aðild að stórum markaði tryggir enga iðnvæðingu; til þess þarf markvissar ráðstafanir af hálfu íslenskra stjórnarvalda og fjármálastofnana. Hins vegar hefur ríkisstjórnin unnið ótullega að því síðustu árin að laða hingað erlent fjármagn og erlend fyrirtæki, og lúin fer ekkert dult með það, að tilgangurinn með aðild að EFTA sé að ýta undir slíka þróun. Sú iðnvæðing, sem um er rætt, á auðsjáanlega að vera erlend að verulegu leyti. Ég tel það í senn háskalegt sjálfstæði og lífskjörum landsmanna, að yfirráð yfir atvinnulífinu færast í vaxandi mæli á erlendar hendur.

4. Aðferðirnar til þess að laða hingað erlent fjármagn og fyrirtæki eru þær að bjóða upp á ódýra orku og ódýrara vinnuafli en fánlegt er annars staðar í Vestur-Evrópu norðanverðri. Þannig eiga Íslendingar ekki aðeins að vera hráefnaframleiðendur, eins og þjóðin hefur verið allt of lengi, heldur og leggja erlendum fyrirtækjum til orku á kostnaðarverði eða undir því, jafnframt því sem gera á Ísland að varanlegu láglaunasvæði. Með slíkri stefnu væri verið að skipa Íslendingum skör lægra en iðnþróuðum löndum umhverfis okkur.

5. Aðild að EFTA á að festa „viðreisnarstefnuna“ í sessi, gera gengislækkanir að enn virkara hagstjórnartæki en þær hafa verið og koma í veg fyrir félagslegan áætlunarbúskap. Reynsla síðasta áratugs sannar ótvírætt, að viðreisnarstefnan megnar ekki að leysa vandamál hins íslenska þjóðfélags; því tel ég algerlega fráleitt að binda landsmenn við þá stefnu með milliríkjasamningi.

Aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu hefur lengi verið undirbúin af stjórnarvöldum, sérfræðingum og nefndum. Hins vegar eru ekki nema fáar vikur liðnar síðan almenningur hefur fengið vitneskju um málavexti, og fer því fjarri, að sá tími nægi til þess, að landsmenn geti gert sér fulla grein fyrir öllum þáttum málsins og afleiðingum þeirra. Hér er hins vegar um að ræða ákvörðun, sem mundi raska högum þjóðarinnar, svo stórlega, að fráleitt er að stíga slíkt skref, nema kjósendur séu til kvaddir. Ég vil freista þess að fá um það samkomulag á þingi, að málið verði horið undir þjóðaratkvæði, og flyt því svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, þ. e. European Free Trade Association.

Nái þessi breytingartillaga ekki fram að ganga, legg ég til, að þingsályktunartillagan verði felld.

Alþingi, 16. des. 1969.

Magnús Kjartansson.